

Minnisblað

Til: Skipulags- og mannvirkjanefnd
Frá: Kristján Svan Kristjánsson
Dags. 10.10.2023
Mhnr. 2023080090



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað vegna húsbyggingar að Ártungu 3

Minnisblað þetta snýr að húsbyggingunni að Ártungu 3 og þeirri staðreynd að umrædd byggingar stendur út fyrir byggingarreit. Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa nr. 68 þann 31.08.2023 var málinu vísað á borð skipulags- og mannvirkjanefndar til um fjöllumar sökum þess.

Óskað var eftir frekari upplýsingum á fundi skipulags- og mannvirkjanefndar nr. 615 þann 14.9.2023.

Á þeim fundi óskaði nefndin eftir frekari gögnum, þ.e afstöðumynd er sýnir fjarlægð frá mannvirki að aðliggjandi lóðum og mannvirkjum.

Hönnuður hefur nú skilað inn uppfærðum aðaluppdráttum þar sem umbeðnar fjarlægðir eru sýndar.

Hönnuður tekur fram í bréfi sínu að á fyrri uppdráttum hafi húsið staðið 1100 mm utan byggingarreits en nú á þeim uppfærðu hafi húsið verið fært 800 mm til suðurs og 1100 mm til vesturs. Við þessar breytingar mun húsið standa 1900 mm utan byggingarreits. Við þessar breytingar fer fjarlægðin við Ártungu 1 úr þeim 6 metrum, sem verður þá til þess að ekki er þörf á hönnun m.t.t gr. 9.7.5 byggingarreglugerðar er fjallar um bil á milli húsa.

Ef skipulags- og mannvirkjanefnd telur að erindið þarfnist ekki grenndarkynningar og heimilar að húsið fari lengra út fyrir byggingarreit en áætlað var í fyrstu, óskar byggingarfulltrúi eftir því að málinu verði vísað á hans borð til afgreiðslu.